Kontakt: Meinolf Wacker
Kirchplatz 7
59174 Kamen

Mobil.: +49-172-5638432
Mail: meinolf.wacker@go4peace.eu
Homepage www.go4peace.eu

Nóvember 2019 *isländisch*

Óttast ekki! Trú þú aðeins! (Mk 5,36)

Óttast ekki! Trú þú aðeins!
Don‘t be afraid! Just believe!

Kæru vinir orðsins!

Hún átti allt sem hún þurfti, fjölskyldu þar sem henni leið vel, ungmennahóp í þorpinu sínu þar sem hún gat tekið þátt, hún var vel menntuð og átti góða vini ... Hún var farin að stunda háskólanám og hafði náð góðum árangri þar. En innra með sér heyrði hún rödd sem sagði: „Það er til meira! Brjóttu hlekki vanans!“

Hún ákvað því að yfirgefa heimaland sitt í eina önn og fara til Austurríkis til náms þar. Það var ekki auðveld ákvörðun. Í litlu myndbandi segir hún: „Ég var mjög hrædd vegna þess að ég hafði enga hugmynd um hvað beið mín. Því setti ég allt mitt traust á Guð. Hann hjálpaði mér. Hann var virkilega með mér allan tímann og því leið mér vel í Austurríki!“

Treystum Guði! Ekki aðeins með orðum, heldur einnig í lífi okkar og ákvörðunum, og það er það sem María gerði, en það hét hún, og því er ráð hennar þetta: „Óttast ekki! Trú þú aðeins!“

Kæru vinir orðsins, oft stöndum við frammi fyrir óvissu í lífinu. Við vitum ekki hvað við eigum að gera næst og hvaða ákvarðanir við ættum að taka. Þá er rétt að hugsa sig vel um og tala um áætlanir okkar og hugmyndir við fólk sem þekkir okkur vel. Og þá er komið að því að við tökum ákvörðun, við sjálf ein og sér. Þá gefur María það ráð að við snúum okkur til Guðs: Óttast ekki! Trú þú aðeins!

Þegar þið hafið gert ykkar hluta fullkomlega skuluð þið horfa fram á veginn og trúa því að Guð muni koma til móts við ykkur í lífinu með allar hugmyndir sínar og möguleika og annast ykkur. Því getum við treyst þessum orðum Jesú: **Óttast ekki! Trú þú aðeins! – Don‘t be afraid! Just believe!**

fyrir OnWordTeam Meinolf Wacker